

# NÝR REKTOR HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

**Dr. Ari Kristinn Jónsson, forseti tölvunarfræðideildar Háskólans í Reykjavík, hefur verið skipaður rektor HR. Hann tekur við embættinu 23. janúar nk. af dr. Svöfu Grönfeldt, sem undanfarin þrjú ár hefur leitt umfangsmikið starf skólans til eflingar akademísku styrks og uppbyggingar framtíðaraðseturs í Nauthólsvík.**

Ari Kristinn hefur gegnt stöðu forseta tölvunarfræðideildar HR í tæp 3 ár og hefur um árabil verið í fremstu röð í alþjóðlegu tækni- og vísindastarfi. Hann lauk doktorsprófi frá Stanford-háskóla í Bandaríkjunum árið 1997 og að loknu doktorsprófi hóf hann störf hjá NASA, geimferðastofnun Bandaríkjanna, og starfaði þar í áratug sem vísindamaður og stjórnandi. Hann leiddi ýmsar rannsóknir stofnunarinnar á sviðum gervigreindar og sjálfvirkni, þ.á.m. stærsta þróunarverkefni NASA á þessum sviðum. Hann stýrði þróunarteymi fyrir hugbúnað sem notaður hefur verið til að stjórna daglegum aðgerðum Mars jeppanna Spirit og Opportunity, og síðar stýrði hann þróun á tækni sem aðstoðar við stjórn á sólarrafhlöðum alþjóðlegu geimstöðvarinnar.

Ari Kristinn hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar á ferli sínum. Fyrir störf sín hjá NASA hlaut hann ýmis verðlaun, þ.á.m. hin virtu "NASA Administrators's Award" árið 2004, auk þess að fá "Space Act Award" tvisvar. Árið 2007 hlaut hann Hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs, en þau eru árlega veitt vísindamanni sem þykir snemma á starfsævinni gefa fyrirheit um árangur í vísindum og rannsóknum og eru þau ein virtasta viðurkenning sem veitt er í íslensku vísindasamfélagi.



„Það er spennandi verkefni að leiða starfsemi Háskólans í Reykjavík á næstu árum. Mikil framþróun hefur orðið í HR á síðustu árum, þar sem öflugur hópur nemenda og vísindamanna frá fjölmörgum löndum er nú samankominn og grunnurinn hefur verið lagður að framsæknum rannsóknarháskóla með hágæðakennslu og sterkum tengslum við atvinnulífið. Þessi grunnur er stökkpallurinn fyrir HR inn í framtíðina. HR er nú fremstur meðal jafningja hér á landi á sínum sérsviðum, en markmiðið er að gera stöðugt betur og halda áfram nýsköpun í kennslu og uppbyggingu vísindastarfs eins og best gerist á alþjóðavettvangi. Svo hefur HR lykilhlutverki að gegna í íslensku samfélagi og framtíðaratvinnulífi þjóðarinnar, með því að tengja á skipulagðan hátt starfsemi skóla og atvinnulífs og efla þannig nýsköpun og fjölbreytni efnahagslífs,“ segir Ari.



„HR hefur starfsemi í nýrri háskólabyggingu í „HR hefur starfsemi í nýrri háskólabyggingu í Nauthólsvík í janúar og á undanförunum árum hefur skólinn styrkst faglega og fjárhagslega,“ segir Svöfu Grönfeldt, fráfarandi rektor, sem nú hefur ákveðið að hverfa aftur til annarra starfa í atvinnulífinu. „Við höfum náð þeim markmiðum sem við settum okkur fyrir þremur árum og nú er HR á spennandi tímamótum að þessum áfanga loknum. Starfsfólk skólans hefur unnið þrekvirki við akademísku uppbyggingu hans, skipulagi og verkferlum hefur verið breytt og tekist hefur að reisa nútímalega og framsækna háskólabyggingu. Ég er afar stolt af nemendum og starfsfólki skólans. Það má segja að HR sé kominn af frumkvöðlastiginu og tilbúinn til að hefja sig til flugs. Það er því mjög ánægjulegt að Ari Kristinn Jónsson sem bæði býr yfir yfirgrípsmikilli vísindapekkingu og forystuhæfileikum, taki nú við keflinu. Það hafa verið forréttindi að starfa með jafn hæfileikaríku fólki og valist hefur til starfa í HR og ég á eftir að sakna þess mikið. Ekki síður mun ég sakna þeirra fjölmörgu nemenda sem ég hef haft samskipti við. Ég óska nýjum rektor og öllum nemendum og starfsfólki HR gæfu í starfi og leik.“

**Háskólaráð HR býður Ara hjartanlega velkominn til starfa sem rektor og þakkar Svöfu þann dugnað og kraft sem hún hefur lagt í að leiða skólann farsælega á síðustu árum.**

Nánari upplýsingar veitir Jóhann Hlíðar Harðarson, forstöðumaður almannatengsla, í síma 599 6280 eða 820 6280.